

## 1. fundur skólaráðs Hvassaleitisskóla

Á fundi voru:

Dagný Kristinsdóttir skólastjóri, fulltrúi stjórnenda, Anna M. Hlíðdal Halldórsdóttir og Þóra Smith fulltrúar foreldra, Birna Klara Björnsdóttir fulltrúi kennara, Hafdís Arnardóttir fulltrúi almenns starfsfólks.

Sólveig Reynisdóttir fulltrúi kennara var fjarverandi.

Dagný bauð fundarmenn velkomna og fagnaði því að skólaráð hefði formlega hafið störf.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

### 1. Kynning á handbók fyrir skólaráð.

Farið var í gegnum handbók fyrir skólaráð sem Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg stóðu að. Staldráð við helstu þætti sem fram komu og skiptir máli fyrir okkar skólaráð í framhaldinu.

### 2. Uppbygging og regluverk

- Dagný leggur til að skólaráð hittist 5 sinnum yfir veturinn, í september, nóvember, janúar, mars og í maí. Það var samþykkt. Í samtali ráðsins kom fram tillaga um að hægt væri að kalla til fundar ef þess er þörf, þá með stuttum fyrirvara. Það var einnig samþykkt.
- Fundartími var einnig til umræðu og var ákveðið að hafa hann að morgni til eða í lok vinnudags. Ákveðið verður í upphafi hvers skólaárs hvenær dagsins ráðið ætlar að funda.
- Fundir verða boðaðir með viku fyrirvara. Fundargögn verða send til fundarmanna eigi síðar en 3 dögum fyrir boðaðan fund. Óski fundarmenn eftir að setja mál á dagskrá sé það gert með þriggja daga fyrirvara svo aðrir geti kynnt sér málið.
- Rætt um aðkomu nemenda en hún gæti verið í gegnum Hugmyndaráð sem hefur verið starfrækt.

### 3. Fundargerðir

Ritun fundargerða verða í höndum ráðsmanna og verða birtar á heimasíðu skólans.

### 4. Fulltrúi grenndarsamfélagsins

Þóra nefnir að hverfið gangi í gegnum miklar breytingar t.d. með breytingum á íþróttafélagi hverfisins. Ákveðið að heyra í íþróttafélaginu Víkingi og kanna aðkomu þeirra að ráðinu.

## 5. Starfsreglur skólaráðs

DK kynnir fyrir ráðsmönnum starfsreglur sem önnur skólaráð hafa sett sér. Þessar reglur eru rammi utan um ráðið. Ákveðið að DK taki að sér að útbúa reglur fyrir okkar ráð sem verða kynntar ráðinu á næsta fundi.

## 6. undirbúningur fyrir skólastarf næsta skólaárs

- Undirbúningur næsta skólaárs er á fyrstu metrunum. DK segir frá því að starfsmannasamtöl hefjist eftir vetrarfrí.
- Nokkuð var rætt um nemendafjölda en meira hefur fjölgað í skólanum í vetur en ráð var fyrirgert sl. vor. Nemendur nú eru 184 en voru 168 sl. vor.
- Skólinn er orðinn sjálfstæður og nú þarf að huga að því hvernig á að byggja skólastarfið upp og finna okkar sérstöðu. Að þessu þarf sérstaklega að huga því nokkur umræða hefur skapast um skólann og framtíð hans undanfarin ár. Fulltrúi foreldra bendir á að gagnlegt gæti verið að skoða af hverju börn í hverfinu skili sér ekki í skólann. Aðkoma foreldra er þarna mikilvæg. Einnig var rætt um gagnsemi þess að bekkjarfulltrúar nái samtali við foreldra inni í bekkjunum. DK segir frá því að á fundi stjórnenda og stjórnar foreldrafélagsins hafi verið ákveðið að hafa súpufund bekkjarfulltrúa, stjórnar foreldrafélags og stjórnenda. Verið er að finna dagsetningar en stefnt er að þessum fundi í fyrri hluta marsmánaðar.

## 7. Önnur mál

fulltrúar foreldra ræða um ástand húsnæðis en það hefur komið inn á borð foreldrafélagsins. Að sögn fulltrúa eru einhverjir nemendur með einkenni. Nefnt er sérstaklega að senda þurfi upplýsingar á foreldra.

DK fer yfir það sem hefur verið gert í vetur. Fyrir liggur að úttekt verkfræðistofu sem gerð var sl. sumar verður gerð opinber fljótlega. Bæði Efla og heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafa komið bæði fyrir jól og eftir áramót að skoða húsnæðið með tilliti til raka og annarra viðhaldspátta. Í máli hennar kemur fram að foreldrar eins barns hafi haft samband við skólann vegna líðanar síns barns. DK kallar eftir upplýsingum um stöðu mála frá borginni, eins að upplýsingapóstur sé sendur á foreldra og forráðamenn.

Næsti fundur var ákveðinn 24.mars kl 8.30.

fundu slitið kl 09.30.

fundargerð ritaði Dagný Kristinsdóttir